



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 6. nóvember 2023



Fjórði fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 6. Nóvember 2023 kl. 12.00.

Mætt voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Davíð Lúther Sigurðarson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Karlalandslið
Rædd var verkefnið hjá karlalandsliðinu á móti Færeyjum en vel gekk og góð mæting var á leikina. Óskar Bjarni Óskarsson hefur verið ráðinn þriðji þjálfari í þjálfarateymið. Þá kynnti RG einnig ráðningar á þjálfurum yngri landsliða.
 - b. Kvennalandslið
Búið er að velja lokahóp A landsliðs kvenna en liðið fer til Noregs 22.nóvember og tekur þar þátt í æfingarmóti áður en HM byrjar 30. Nóvember.
 - c. Starfsmannamál
Gunnar Magnússon hefur sagt upp störfum og mun hætta hjá HSÍ 1. desember. Ráðningarferli fer í gang í nóvember
 - d. Styrktaraðilar
RG kynnti stöðu styrktaraðila.
 - e. Fjármál
RG kynnti stöðu fjármála en staðan er þröng í lok árs. Áætlun fyrir 2024 lítur ágætlega út.
3. Ný reglugerð um afrekssjóð
RG kynnti drög af nýrri reglugerð um afrekssjóð
4. Mótamál
Mótanefnd barst beiðni frá Hkd. ÍBV um færslu á leik Hauka og ÍBV sökum Evrópukeppni ÍBV. KP rökstuddi ákvörðun mótanefndar.
5. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari